



BORGARBYGGÐ




FARSÆLD BARNNA Í BORGARBYGGÐ



METNAÐUR



VINÁTTA



Í blómstrandi skólustefnu Borgarbyggðar er meðal annars lögð áhersla á vellíðan barna og mæta þörfum þeirra í samræmi við lög um samþætta þjónustu

Öll börn eiga að finna til öryggis, samkenndar og vináttu



SAMBÆTT ÞJÓNUSTA Í ÞÁGU FARSÆLDAR BARNNA

Á Íslandi hafa tekið gildi lög sem eiga að styðja við farsæld barna, lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Með lögnum á að tryggja greiðan aðgang barna og foreldra að þeirri þjónustu sem þau þurfa á að halda um leið og þörf fyrir þjónustuna kemur fram. Eitt af markmiðum laganna er að þeir sem veita barni og foreldrum þessa þjónustu hafi samráð sín á milli þannig að þjónustan geti verið samfelld og samþætt í þágu farsældar barnsins. Samþætt þjónusta er boð fyrir börn og foreldra óski þeir eftir því og hefur þann tilgang að bæta þjónustu og koma í veg fyrir að börn og fjölskyldur falli á milli kerfa. Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.

BARNIÐ Í BRENNIDEPLI

Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og fjölskyldur séu ekki send á eigin ábyrgð á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Þjónustan á að vera tengd saman svo hægt sé að vinna í sameiningu að farsæld barna og fjölskyldna með viðeigandi aðstoð.



Skannaðu mig!

STIGSKIPT ÞJÓNUSTA

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum.

1. Stig: Fyrsta stigs þjónusta við börn tilheyrir grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum þeirra í ungbarnavernd, leik-, grunn- og framhaldsskólum. Grunnþjónusta skiptir miklu máli fyrir farsæld barna með því að grípa snemma inn í er hægt að koma í veg fyrir ýmsa erfiðleika síðar meir. Fyrsta stigs þjónustu tilheyrir einnig einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur sem hefur það að markmiði að styðja við farsæld og er umfram grunnþjónustu. Stuðningurinn á við um börn sem glíma við vægan vanda og er stuðningsaðgerðunum ætlað að koma í veg fyrir að vandinn aukist og vaxi

2. Stig: Annars stigs þjónusta við börn á að vera einstaklingsbundinn og markvissari en sá stuðningur sem veittur er á fyrsta stigi. Úrræðin á öðru stigi eru sérhæfðari og veitt þegar úrræði á fyrsta stigi duga ekki til eða hafa ekki borið árangur.

3. Stig: Þriðja stigs þjónusta við börn á að tryggja að þeim sé ekki hættu búin. Á þriðja stigi er veittur sérhæfðari stuðningur, barn sem nýtur þjónustu á þessu stigi hefur að jafnaði flókinn og fjölþættan vanda og mikla umönnunarþörf.

Markmið með stigskiptri þjónustu er að sem flest börn fái þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem veitt er á 2. og 3. stigi.



Skannaðu mig!



Tengiliðir farsældar

Öll börn og foreldrar hafa aðgang að tengilið eftir því sem þörf krefur. Liggja á fyrir hver er tengiliður í nærumhverfi þeirra og geta foreldrar og börn leitað milligöngu-laust til tengiliðar

Tengiliður farsældar er starfsmaður sveitarfélags eða ríkis og er staðsettur á mismunandi stöðum eftir æviskeiði barns.

- Frá meðgöngu að leikskólagöngu barns er tengiliður farsældar starfsmaður hjá heilsugæslu.
- Þegar barn er á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri (upp að 18 ára) er tengiliður farsældar starfsmaður skóla.
- Börn sem á einhvern hátt falla á milli ofangreindra þjónustukerfa hafa aðgang að tengilið hjá félagsþjónustu.



Skannaðu mig!

Málstjórar farsældar

Hlutverk málstjóra farsældar er meðal annars að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu og aðstoða við að tryggja aðgang að mati eða greiningu eftir þörfum barns. Málstjóri á að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og sinna hlutverki sínu í samstarfi við börn og foreldra.

Til þess að málstjóri geti hafið vinnu í máli barns þarf að liggja fyrir beiðni um samþætta þjónustu og ástæða til þess að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi. Málstjórar hjá Borgarbyggð starfa á fjölskyldusviði sveitarfélagsins.

Stofnað er stuðningsteymi fyrir barnið sem í sitja fulltrúar þjónustuveitenda. Stuðningsteymið gerir skriflega stuðningsáætlun fyrir barnið þar sem þjónusta sem er veitt í þágu farsældar barnsins er samþætt. Stuðningsteymið hefur með sér reglubundna samvinnu um framkvæmd stuðningsáætlunarinnar þann tíma sem áætlunin varir.

ÖLL BÖRN

Það eiga öll börn rétt á að fá þjónustu sem þau þurfa og þegar þau þurfa á henni að halda. Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og foreldrar geti fengið rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Öll börn eiga rétt á þjónustu við hæfi þegar þröf er á.



Skannaðu mig!

